

febrúar sl. í Þrekmiðstöðinni í Hafnarfirði vegna þáttar hans í málinu. Kærði hefur borið, að honum hafi verið kunnugt um áform Williams, er hann ók honum að Háskólabíói föstudaginn 17. febrúar sl.

Rannsókn máls þessa hefur miðað vel áfram, og þykja sakarefni í meginatriðum upplýst. Stefnt er að því af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins að ljúka rannsókn málsins sem fyrst, svo unnt sé að senda ríkissaksóknara rannsóknargögn til ákvörðunar.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem varðar fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga, og er 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 4. tl. 1.mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kr. 17:00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ingvar Heiðar Þórðarson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 17. mars n.k. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 21. mars 1984.

Nr. 51/1984. **Ákærvaldið**

gegn

**Valgeiri Viðissyni**

Kærumál. Húsleit.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. mars 1984, er barst Hæstarétti 19. s.m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími en greinir í úrskurðinum. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera órasakaður.

**Úrskurður sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 15. mars 1984.**

Ár 1984, fimmtudaginn 15. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

*Málsatvik.*

Um miðjan dag í dag bárust lögreglu upplýsingar um, að Trausti Finnbogason, f. 6.3. 1963, hefði undir höndum amfetamín og væri að dreifa því.

Um kl. 18.00 sáu lögreglumenn til ferða Trausta þessa og tóku að gefa honum gætur. Var Trausta ásamt öðrum aðilja fylgt auk annars að Engjaseli 84 hér í borg, þar sem margnefndur Trausti hafði viðdvöl, en hélt þaðan aftur í miðborg og síðar á hafnarsvæði, þar sem hann var um kl. 21.05 handtekinn. Í fórum Trausta Finnbogasonar reyndust um 8 gr. af duftkenndu efni, sem gaf sterka litarsvörum sem amfetamín. Trausti margnefndur neitaði að svara spurningum varðandi eðli efnis og uppruna.

Samkvæmt gögnum lögreglu býr auk annarra að Engjaseli 84 Valgeir Víðisson, f. 11. 7. 1964. Hann hefur í Noregi hlotið refsidóm vegna fikniefnamisferlis og var í framhaldi af afplánun færður hingað til lands í lögreglufylgd 29. 11. 1982.

Fáum dögum fyrr hafði ofangreindur Trausti Finnbogason í lögregluyfirheyrslum borið Valgeir Víðisson sökum, en sá síðarnefndi í samprófun neitað hvers konar fikniefnamisferli hérlendis.

Lögreglumenn eru nú í grennd Engjassels 84 að gefa gaum mannaferðum.

*Niðurstöður.*

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 390, 1974 og sterkar líkur taldar benda til að fikniefni kunní að vera í vörslum Valgeirs Víðissonar að Engjaseli 84 hér í borg.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 48. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt í þágu rannsóknar að verða við framkominni kröfu lögreglu og heimila leit að sakargögnum hvers konar, nánar í vistarverum Valgeirs Víðissonar að Engjaseli 84 hér í borg.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Leit má gera að sakargögnum í vistarverum Valgeirs Víðissonar, f.

11. 7. 1964, að Engjaseli 84, Reykjavík, svo og geymslurými, er undir forræði Valgeirs þessa kann að flokkast.

Heimild nær til leitar í læstum hirslum að skjölum, skilríkjum og hvers konar munum tengdum ætluðu fíkniefnamisferli Valgeirs Víðissonar.

Fimmtudaginn 22. mars 1984.

Nr. 95/1982. **Munda Kristbjörg Guðmundsdóttir**

og

**Dóra Iris Guðmundsdóttir**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

**dánarbúi Sigurjóns Á. Sigurðssonar**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 23. apríl 1982.

Sigurjón Á. Sigurðsson andaðist 28. ágúst 1982. Tók dánarbú hans þá við aðild málsins, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 15. gr. laga nr. 28/1981.

Fyrir Hæstarétti krefjast áfrýjendur þess „aðallega, að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá úr veðmálabókum (fasteignabók) Reykjavíkur afsal það fyrir 1. hæð hússins nr. 85 við Langholtsveg, Reykjavík, sem undirritað var af áfrýjendum með dagsetningunni 6. nóvember 1978 og Sigurjón Á. Sigurðsson lét skrá í veðmálabækur hinn 19. mars 1980, svo og sex veðskuldabréf, öll gefin út af Sigurjóni, þrjú hinn 14. mars 1980 til handhafa, tvö að fjárhæð